

## Próf og skimunartæki

### Leikskólar Reykjanesbæjar og Garðs nýta eftirfarandi skimunartæki

- **Hljóm-2**  
Skimun sem kannar hljóð- og málvitund leikskólabarna. Hún er lögð fyrir 5 ára börn að hausti og svo aftur í jan/feb ef þörf er á
- **Orðaskil**  
Málþroskapróf sem kannar orðaforða, beygingarkerfi og setningagerð. Foreldrar fylla út listann fyrir 2-3 ára börn
- **Íslenski máhljóðamælirinn**  
Skimunarforrit fyrir spjaldtölvu sem metur framburð íslensku máhljóðanna, helstu hljóðkerfisþætti og skiljanleika tals.
- **Efi-2**  
Málþroskaskimun sem metur mál-skilning og tjáningarfærni 3 ára barna
- **Tras**  
Skráning á málþroska ungra barna. Byrjað að skrá við 2 ára aldur og svo á 6 mánaða fresti til 6 ára aldurs

Allar niðurstöður skimanna eru  
kynntar fyrir foreldrum


## Málörvun og lestur

Samvinna heimilis og leikskóla er mikilvægur þáttur sem stuðlar að góðum málþroska barna

Mál og læsi eru samtvinnaðir  
þættir

Þroski barna eykst og þau verða betur undirbúin til að tileinka sér lestur og ritun ef þau hafa átt í góðum samskiptum og fengið góða málörvun frá fæðingu bæði heima og í leikskóla

Í leikskólum Reykjanesbæjar er lögð áhersla á að skapa lestrarvænt umhverfi. Í þeim tilgangi eru nýttar fjölbreyttar leiðir bæði innan- og utanhúss til að auka læsi í víðum skilningi



## Lestur fyrir lífið

Snemmtæk  
íhlutun í  
málþroska og  
læsi



**TJARNARSEL**

VIRÐING UPPLIFUN LÍFSGLEÐI

Þróunarverkefni í tengslum við  
mál og læsi barna í leikskólum  
Reykjanesbæjar og Garðs  
2017-2018



## Um verkefnið

Ásthildur Bj. Snorradóttir  
talmeinafræðingur er verkefnastjóri  
þróunarverkefnisins

### Leikskólarnir sem tóku þátt í verkefninu:

- Heilsuleikskólinn Garðasel
- Heilsuleikskólinn Heiðarsel
- Heilsuleikskólinn Skógarás
- Leikskólinn Gimli
- Leikskólinn Tjarnarsel
- Gefnarborg Garði

**Markmið verkefnisins** er að samræma verkferla og vinnu tengda málörvun ungra barna og er áhersla lögð á snemmtæka íhlutun, undirbúning fyrir lestur og íslensku-nám tvítýngdra barna

### Lykillinn að árangri felst í

- Góðu samstarfi heimilis, leikskóla og heilsugæslu
- Skimunum/prófum í leikskóla
- Snemmtækri íhlutun
- Samstarfi fagstétta

## Snemmtæk íhlutun

Rannsóknir sýna að með snemmtækri íhlutun er hægt að draga úr náms-erfiðleikum síðar meir

Mikilvægt er að bregðast við um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik hjá ungum börnum

Best er að skima fyrir frávikum í málþroska og vinna markvisst með niðurstöður

Leikskólar eru í lykilhlutverki í þessari vinnu

Gott samstarf heimilis og leikskóla er lykillinn að farsælu námi leikskólabarna

**Fræðsluvið Reykjanesbæjar sinnir sérfræðiþjónustu við leikskóla Reykjanesbæjar og Garðs**

## Málþroski

Hvernig er hægt að efla málþroska barna?

- Vinna með undirstöðupætti fyrir boðskipti (sitja, passa hendur, hlusta, bíða, gera til skiptis, horfa og muna)
- Lesa fyrir þau bækur
- Ræða og útskýra lesefni
- Vinna markvisst með orðaforða
- Spyrja börnin opinna spurninga
- Hjálpa þeim að byggja upp söguþráð
- Syngja og kenna þeim rím, vísur og þulur
- Hvetja þau til að segja frá atburðum og upplifunum



Fjölmargar rannsóknir sýna að börn sem lesið er fyrir reglulega eru líklegri til að auka orðaforða og verða góð í lestri. Börn með góðan orðaforða hafa síðan að jafnaði betri lesskilning